

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1973

Nr. 84.

276

30. október 1973.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga
opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytast þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjara-dóms 15. desember 1973 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 15. febrúar 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. október 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 85.

24. september 1973.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til Svíþjóðar til þess að vera viðstaddur útför Gústafs VI. Adolfs konungs Svíþjóðar.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 26. september 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.